

Ed.

354. Breytingartillaga

[147. mál]

við frv. til l. um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi skv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna, sem fæða fyrir árslok 1980. Verði greiðslan frá áramótum ekki lægri en skv. lögum þeim sem taka gildi 1. jan. 1981. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981. Einnig skal greiða þeim konum, sem ekki áttu rétt til fæðingarorlofs samkvæmt lögum nr. 56/1975 og hafa alið barn eftir 1. okt. 1980 fæðingarorlof frá 1. janúar 1981 að frádregnu tímabilinu frá fæðingu barnsins til 31. des. 1980.